

Ályktunartillögur stjórnar vegna tilnefningarnefndar

fyrir hluthafafund félagsins 20. september 2018

Bakgrunnur ályktunartillagna er sá að stjórn félagsins barst tillaga þess efnis frá hluthafanum Eaton Vance Management að hefja innleiðingu á tilnefningarnefnd. Var tillagan samþykkt á aðalfundi VÍS þann 22. mars sl., með ákveðnum breytingum sem Gildi lífeyrissjóður lagði til. Breytingarnar miðuðu einkum að því að haldinn skyldi sérstakur hluthafafundur á árinu 2018 þannig að unnið yrði eftir hinu nýja fyrirkomulagi við kosningu stjórnar árið 2019.

Drög að breytingum á samþykktum og tillaga að starfsreglum tilnefningarnefndar voru unnin til samræmis við leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja og er gert ráð fyrir að leiðbeiningarnar verði ákvæðum samþykktar og starfsreglna til fyllingar og skýringar.

Dagskrárliður 1 fjallar um tillögu um breytingu á samþykktum félagsins. Aðrir dagskrárliðir eru háðir því að tillögur sem teknar hafa verið til afgreiðslu í dagskrárlið 1 hafi náð samþykki hluthafafundar.

Dagskrárliður 1

Tillaga um breytingu á samþykktum félagsins

Stjórn leggur til eftirfarandi breytingar á samþykktum félagsins:

I.

Á eftir 15. gr. kemur ný grein, 15. gr. a., ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Tilnefningarnefnd.

Innan félagsins skal starfa tilnefningarnefnd. Tilnefningarnefnd skal tilnefna frambjóðendur til setu í stjórn félagsins fyrir aðalfundi þess og þá hluthafafundi þar sem stjórnarkjör er á dagskrá.

Hlutverk tilnefningarnefndar er ráðgefandi og skal m.a. felast í því að:

- Óska eftir framboðum til stjórnarsetu í félaginu.*
- Leggja mat á lögmæti innsendra framboða.*
- Meta tilvonandi stjórnarmenn út frá hæfni, reynslu og þekkingu.*
- Meta óhæði tilvonandi stjórnarmanna.*
- Leggja mat á bestu samsetningu stjórnar, þar sem m.a. skal gætt að kynjahlutföllum.*
- Gera rökstudda tillögu um samsetningu stjórnar.*

Fjöldi nefndarmanna skal vera 3-5 og skulu nefndarmenn kjörnir á aðalfundi félagsins. Heimilt er að halda sérstakan hluthafafund þar sem kosið verður í tilnefningarnefnd og skal sá hluthafafundur ekki haldinn síðar en 6 mánuðum fyrir aðalfund.

Meirihluti nefndarmanna skal vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Við mat á óhæði nefndarmanna skal miðað við sömu sjónarmið og þegar óhæði stjórnarmanna er metið. Þá skal að lágmarki einn nefndarmaður vera óháður hluthöfum félagsins sem eiga virkan eignarhlut í félaginu, einir eða í samstarfi við aðra.

Stjórnarmönnum félagsins er heimilt að sitja í tilnefningarnefnd en þeir skulu ekki mynda meirihluta hennar. Þá skulu þeir ekki gegna formennsku í nefndinni. Þetta á jafnt við um formann stjórnar og aðra stjórnarmenn. Daglegum stjórnendum eða öðrum starfsmönnum er ekki heimilt að eiga sæti í nefndinni.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í tilnefningarnefnd skulu tilkynna stjórn um framboð sitt skemmst fimm dögum fyrir hluthafafund á þar til gerðu eyðublaði. Stjórn skal fara yfir framboðstilkynningar og gefa hlutaðeigandi með sannanlegum hætti kost á því að bæta úr þeim göllum sem eru á tilkynningunni innan tiltekins frests. Upplýsingar um frambjóðendur til setu í tilnefningarnefnd skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

Starfsreglur tilnefningarnefndar skulu samþykktar á hluthafafundi.

II.

Við bætist nýr 5. töluliður í 1. mgr. 13. gr. og breytist númer annarra töluliða sem því nemur, svohljóðandi:

Kosið í tilnefningarnefnd.

6. töluliður (sem verður 7. töluliður) orðast svo:

Ákvörðun um þóknun til stjórnarinnar og tilnefningarnefndar.

III.

2. mgr. 19. gr. orðast svo:

Hluthafafundur kys stjórn með hlutfallskosningu milli þeirra einstaklinga sem tilkynnt hafa tilnefningarnefnd um framboð sitt í samræmi við ákvæði 4. mgr. 19. gr. samþykka þessa. Kjörtímabil stjórnar skal vera til næsta aðalfundar. Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt ef framboð koma fram um fleiri stjórnarmenn en kjósa skal.

IV.

4. mgr. 19. gr. orðast svo:

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til stjórnarkjörs skulu tilkynna tilnefningarnefnd um framboð sitt skemmst fjórtán dögum fyrir hluthafafund á þar til gerðu eyðublaði. Tilnefningarnefnd skal fara yfir framboðstilkynningar og gefa hlutaðeigandi með sannanlegum hætti kost á því að bæta úr þeim göllum sem eru á tilkynningunni innan tiltekins frests. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar ásamt tillögu tilnefningarnefndar að samsetningu stjórnar, skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

V.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. mgr. 19. gr.:

Í stað orðanna „sitjandi stjórn“ í 1. málsl. kemur: tilnefningarnefnd.

Nýr lokamálsliður bætist við og orðast svo:

Við framkvæmd þessa ákvæðis skal gætt að ákvæðum 15. gr. a. eftir því sem við getur átt.

Greinargerð:

Lagt er til að meginstoð starfsheimilda tilnefningarnefndar verði færðar inn í samþykktir félagsins. Með slíku fyrirkomulagi eru tilvist og starfsheimildir nefndarinnar reistar á styrkari stoðum með stuðningi aukins meirihluta hluthafa.

Dagskrárliður 2

Tillaga að starfsreglum tilnefningarnefndar

Stjórn leggur til drög að starfsreglum tilnefningarnefndar til samþykkis hluthafafundar.

Greinargerð:

Í drögum að starfsreglum tilnefningarnefndar er lagt til að nefndin hafi nokkuð frjálssar hendur um mótun starfsreglnanna en starfi engu að síður innan þeirra heimilda sem samþykktir kveða á um.

Dagskrárliður 3

Kosning í tilnefningarnefnd.

Stjórn félagsins leggur til að kosið verði í tilnefninganefnd.

Greinargerð:

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í tilnefningarnefnd skulu tilkynna stjórn um framboð sitt skemmst fimm dögum fyrir hluthafafund á þar til gerðu eyðublaði. Stjórn mun fara yfir framboðstilkynningar og kalla eftir viðbótar gögnum og upplýsingum eftir því sem þurfa þykir. Upplýsingar um frambjóðendur til setu í tilnefningarnefnd verða birtar á vefsíðu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafundinn.

Dagskrárliður 4

Ákvörðun um þóknun til tilnefningarnefndar.

Lagt er til að þóknun fyrir setu í undirnefndum verði kr. 95.000 fyrir hvern fund og tvöföld þóknun fyrir formann.

Greinargerð:

Stjórn leggur til að þóknun fyrir setu í tilnefningarnefnd verði kr. 95.000 fyrir hvern fund og tvöföld þóknun fyrir formann. Upphæðin samsvarar þóknun nefndarmanna undirnefnda stjórnar.